

Vátryggingafélag Íslands hf. - Árshlutauppgjör

Árshlutareikningur fyrsta ársfjórðungs 2018

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2018 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 2. maí 2018.

Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs 2018

- Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 844 m.kr. samanborið við 191 m.kr. á sama tímabili 2017.
- Iðgjöld tímabilsins jukust um 10% frá sama tíma í fyrra.
- Eigin tjónakostnaður lækkaði um 5,4%.
- Samsett hlutfall var 97,3% en var 107,2% á sama tímabili í fyrra.
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 1.022 m.kr. samanborið við 677 m.kr. á sama tíma 2017.
- Hagnaður á hlut nam 0,38 krónum samanborið við 0,09 krónur á sama tímabili 2017.

Helgi Bjarnason, forstjóri

„Árið fer einstaklega vel af stað hjá okkur hjá VÍS. Árangur er framar vonum á öllum vígstöðvum og góð afkoma af vátrygginga- og fjárfestingastarfsemi gerði það að verkum að við sendum frá okkur jákvæða afkomuviðvörðun á fjórðungnum. Það er gleðilegt að sjá þróun samsetta hlutfallsins undanfarna mánuði. Tólf mánaða meðaltalið okkar er nú 93,1%, sem byggir á traustum grunnrekstri og gerir okkur betur í stakk búin að takast á við framtíðaráskoranir með viðskiptavinum okkar.

Það er svo með miklu stolti sem ég segi frá því að VÍS hlaut jafnlaunavottun í byrjun þessa árs en vottunin er viðurkenning á umfangsmikilli vinnu við að kortleggja öll störf innan fyrirtækisins og tryggja að allir okkar starfsmenn, konur jafnt sem karlmenn, fái sömu umbun fyrir sambærileg störf.“

Horfur

Uppfærð afkomuspá félagsins gerir ráð fyrir að samsett hlutfall fyrir árið 2018 verði 94,9% og að hagnaður ársins fyrir skatta verði um 3.400 milljónir króna.

Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjörins verður haldinn fimmtudaginn 3. maí, í húsnæði félagsins, Ármúla 3, kl. 8:30. Á fundinum mun Helgi Bjarnason forstjóri kynna uppgjör félagsins og svara spurningum.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast á íslensku og á ensku á heimasíðu VÍS:
<https://www.vis.is/fjarfestar>

Að auki verður hægt að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu og nálgast upptöku að honum loknum á vefslóðinni: <https://www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestafundur>

Fjárhagsdagatal

Viðburður	Dagsetning:
2. ársfjórðungur	22. ágúst 2018
3. ársfjórðungur	24. október 2018
Ársuppgjör 2018	20. febrúar 2019

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Andri Ólafsson samskiptastjóri í síma 660-5105 og í netfanginu fjarfestatengsl@vis.is.

	m.kr.	1F 2018	Δ %	1F 2017
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	5.303	10,0%	4.820
	Eigin iðgjöld	5.102	9,8%	4.648
	Fjármunatekjur	1.022	51,0%	677
	Heildartekjur	6.150	14,5%	5.369
	Tjón tímabilsins	-3.789	7,9%	-3.513
	Eigin tjón	-3.798	-5,4%	-4.017
	Rekstrarkostnaður	-1.341	19,5%	-1.122
	Heildargjöld	-5.215	0,4%	-5.194
	Hagnaður	844	342,7%	191
	Gangvirðisbr. á fjáreignum til sölu	-127		
Tekjuskattur	25			
Önnur heildarafkoma, a.t.t. skatta	-102			
Heildarhagnaður ársins	742	289,2%	191	
Hlutföll	Tjónahlutfall	71,4%	-2,0%	72,9%
	Eigið tjónahlutfall	74,4%	-13,9%	86,4%
	Kostnaðarhlutfall	21,9%	7,7%	20,4%
	Endurtr. kostnaðarhlutfall	3,9%	-72,2%	14,0%
	Samsett hlutfall	97,3%	-9,3%	107,2%
	m.kr.	31.3.2018		31.12.2017
Efnahagur	Eignir			
	Fjárfestingar	31.245		31.824
	Handbært fé	1.833		1.094
	Viðskiptakröfur	10.376		6.179
	Hlutdeildarfélag	2.573		2.642
	Aðrar eignir	5.126		4.665
	Eignir samtals	51.153		46.405
	Skuldir			
	Eigið fé	16.135		16.766
	Víkjandi skuldabréf	2.610		2.624
Vátryggingaskuld	29.140		24.406	
Aðrar skuldir	3.268		2.608	
Skuldir samtals	51.153		46.405	
Hlutföll	Eiginfjárhlutfall	31,5%		36,1%
	Arðsemi eigin fjár á tímabilinu	5,1%		1,2%
	Gjaldþolshlutfall	1,42		1,42
Hagnaður á hlut		0,38		0,09